



**SAMTÖK SUNNLENSKRA SVEITARFÉLAGA**

**Alþingi**  
**Erindi nr. Þ 135/2008**  
**komudagur 9.4. 2008**

Selfossi, 8. apríl 2008  
0710005SA ÞH

**Nefndasvið Alþingis**  
**Austurstræti 8 - 10**  
**150 Reykjavík**

**Efni: Umsögn SASS um frumvarp til laga um frístundabyggð, 372. mál, heildarlög.**


Á fundi stjórnar SASS 2. apríl sl. var tekið fyrir bréf frá Félags- og tryggingamálanefnd Alþingis, dags. 18. febrúar 2008, þar sem óskað var umsagnar um frumvarp til laga um frístundabyggð, 372. mál, heildarlög. Eftirfarandi umsögn var samþykkt:

Stjórn SASS leggst gegn frumvarpinu óbreyttu og gerir eftirfarandi athugasemdir við frumvarpið: Lagt er gegn ákvæðum 13. greinar frumvarpsins, þar sem leigusala er gert ómögulegt að að rjúfa leigusamband fyrr en að 12 árum liðnum frá því hann hefur sagt upp tímabundnum samningi. Lagt er til að þessi tími verði stytur verulega. Ákvæði 22. greinar frumvarpsins um rétt félaga í frístundabyggð til að óska eftir því við hlutaðeigandi sveitarstjórn að haldinn verði árlega fundur til að veita upplýsingar um sameiginleg hagsmunamál frístundabyggðarinnar og sveitarfélagsins er óþarft og vandséð hvers vegna einn hagsmunahópur umfram fjölmarga aðra hafi slíkan lagalegan rétt.

Stjórnin tekur að öðru leyti undir umsagnir Sambands íslenskra sveitarfélaga, bændasamtakanna og fleiri aðila.

Umsögninni er hér með komið á framfæri.

Virðingarfyllst,  
f.h. SASS

  
Þorvarður Hjaltason  
framkvæmdastjóri